

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| | | | |
|---|--|------------------------------------|--|
| Nafn rekstraraðila: Veiðifélag Eystri-Rangár | Dags. eftirlits: 17.12.18 | Staðsetning stöðvar: Eyjarlandi | Starfsleyfisflokkur: 4 |
| Kennitala rekstraraðila: 530492-2659 | Gildistími starfsleyfis: Ekki í gildi | Kvittun afhend: Já | Gerð stöðvar: Seiðaeldi, bleikja, sjóbirtingur og lax |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | | X | | Starfsleyfi er ekki í gildi en búið er að sækja um 19,9 tonna leyfi. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | X | | | Búið að sækja um starfsleyfi. Skipt hefur verið um ristar í botnum flestra kerja til að koma í veg fyrir frekari slysasleppingar. Ný vararafstöð er til staðar. Grófu nýja setþró og verið er að útbúa nýtt siturbeð vegna hreinlætisaðstöðu starfsfólks. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | X | | | Greinagóðar skráningar. Bæta þarf þó skráningar á spilliefnanotkun og fá kvittanir fyrir förgun spilliefnaumbúða og dauðfisks. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | X | Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila. |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | X | Á ekki við. |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | X | | Áætlanir voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit. |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | X | Á ekki við. |

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

| | | | | |
|--|--|---|---|---|
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | X | Á ekki við. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | X | | Áætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|-------------|-------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | X | | Ekki til staðar. |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Tímastillt fóðrun, klukkufóðrarar. Fóðrun stillt af eftir því hversu vel fiskurinn tekur. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | X | | | Mæling 10.1.18 í frárennsli. Heildarköfnunarefni <0,5 mg/L, heildar fosfór 0,16 mg/L, COD < 3 mg/L og svifagnir <2 mg/L |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli? | X | | | Eitthvað set er sýnilegt í fyrstu tjörn og veituskurði að nýrri setþró. Ekkert set var sjáanlegt við frárennsli úr þró út í skurðinn sem rennur í viðtaka. Enginn fiskur sjáanlegur í veituskurði eða setþró, bleikja var þó greinilega sjáanleg í fyrstu tjörn, þar sem hún er notuð til að éta upp fóðurleyfarnar frá laxinum í eldiskerjunum. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | X | | | Frárennsli frá innikerjum og útikerjum rennur sitt í hvoru lagi nokkra metra og út í sameiginlega settjörn, sem net er yfir og bleikja í til að éta fóðurleyfar. Sigtir er við frárennsli tjarnar til að grípa fastefni og varna fiskinum útgöngu. Skurður liggur að nýrri setþró og vatnið rennur þaðan út í djúpan skurð sem rennur í Apavatn. Rör er hátt |

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

| | | | | |
|--|---|--|---|--|
| | | | | staðsett svo litlar líkur ættu að vera á að fiskur fari upp í setþróna. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | X | | | Lokaviðtaki er Apavatn. Frárennslíð rennur úr setþró eftir skurðakerfi í Djúpin og þaðan út í Apavatn. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | X | Mælingar hafa ekki verið gerðar. |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | Dauðfiskur hefur farið á Strönd. Ekki til kvittanir. Tunna er undir pappír, en plast undan fóðri hefur farið á gámasvæði, sem óljóst er um flokkun á. |
| Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | | X | Ekki leyfi í gildi. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar. | X | | | |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | Á ekki við. |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | | | | Ekki ákveðið. Sýni ehf. |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrirvaralaust eftirlit 26.7.17: Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar frágang á svæðinu. Ekkert nýtt frávik kom fram við eftirlit en þrjú frávik frá seinasta eftirliti eru áfram staðfest, er varða að rekstur er án starfsleyfis, frágangur frárennslis er ófullnægjandi og grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2016. Fram kom í eftirlitinu að dauðfiskur er ekki lengur urðaður á lóð rekstraraðila og skráningar innra eftirlits eru í lagi.

Samantekt:

Rekstraraðili hefur brugðist við athugasemd um frágang og hreinsað svæðið að miklu leiti. Einnig hefur verið brugðist við frávikum um rekstur án starfsleyfis og frágang frárennslis, þar sem hefur verið sótt um starfsleyfi og ný setþró grafin.

Fráviki er varðar skil græns bókhalds fyrir árið 2016 hefur verið lokað þar sem rekstraraðili hefur fallið frá umsókn um starfsleyfi fyrir eldi með framleiðslu allt að 60 tonnum og hefur sótt um leyfi fyrir 19,9 tonna framleiðslu. Skv. reglugerð um skil græns bókhalds 851/2002 er einungis gerð krafa um grænt

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

| | |
|---------------|--|
| | <p>bókhald fyrir eldi með fráveitu í ferskvatn ef starfsleyfi er til 20 tonna eða meira.</p> <p>Rekstraraðili bíður eftir því að gamall olíugeymir sem er ekki í notkun verði fjarlægður af olíufélaginu.</p> <p>Viðbragðsáætlun v/bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar voru ekki aðgengilegar á staðnum. Áætlanirnar hafa borist stofnuninni en eftirlitsaðili óskar einnig eftir uppfærslu á áðurnefndum áætlunum í samræmi við upplýsingar sem rekstraraðila voru veittar.</p> <p>Uppfærðri vöktunaráætlun hefur ekki verið skilað en eftirlitsaðili hefur sent rekstraraðila frekari upplýsingar.</p> <p>Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku spilliefnaumbúða og dauðfisks.</p> |
| Annað: | <p>Rekstraraðila er bent á að skila inn niðurstöðum mælinga á köfnunarefni og fosfór, uppreiknað í losun í kg/frameitt tonn.</p> <p>Bæklingur um umhverfismarkmið var sendur rekstraraðila eftir eftirlitið.</p> |

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|----------------------------|--------------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 17.12.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Fyrirtæki | Veiðifélag Eystri - Rangár | Eftirlitsmaður | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Heimili | Keldum | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5304922659 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Einar Lúðvíksson | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Halldór Guðjónsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið, en ein ábending er gerð er varðar uppfærslu áætlana.

Brugðist hefur verið við frávikum og ábendingum seinustu eftirlita. Fráviki er varðar skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2016 er lokað þar sem rekstraraðili hefur fallið frá umsókn um starfsleyfi fyrir eldi með ársframléiðslu allt að 60 tonnum og hefur sótt um leyfi fyrir 19,9 tonna ársframléiðslu. Skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald er einungis gerð krafa um að eldi, með fráveitu í ferskvatn, færi grænt bókhald sé umfang starfsleyfis meira en 20 tonna ársframléiðsla.

Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis, en sótti um starfsleyfi dags. 31. janúar 2018. Umhverfisstofnun bendir á að starfssemin er enn án starfsleyfis og því um frávik að ræða. Rekstraraðili á kost á því að sækja um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 557/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærðum viðbragðs-, neyðar- og vöktunaráætlunum og hefur sent rekstraraðila frekari upplýsingar þess efnis.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að skila inn niðurstöðum mæling á köfnunarefni og fosfór í frárennsli, uppreiknaði í losun kg/framléitt tonn.

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirliti og sendur rekstraraðila á rafrænu formi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.02.2019

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir